

# HAFRABYGGÐ

## Félag landeigenda/lóðarhafa við norðanvert Hafravatn

Hrafnshöfða 14, 270 Mosfellsbær. [danielthorarins@simnet.is](mailto:danielthorarins@simnet.is) s. 893-8090 Kt. 650221-1090

---

### Tillögur:

#### Tillaga um árgjald fyrir árið 2021

Umráðamenn lóða með húsi greiði Kr. 20.000

Umráðamenn lóða án húss greiði Kr. 10.000

#### Tillaga um breytt aðalskipulag.

Hafrabyggð, félag landeigenda/lóðarhafa við norðanvert Hafravatn gerir þá kröfu að sveitarfélagið felli út úr aðalskipulagi yfirlýsingu um að frístundabyggðin skuli leggjast af í tímans rás og víkja fyrir annarri starfsemi sem tengist almennri útivist íbúa sveitarfélagsins.

#### Tillaga um leyfi til fastrar búsetu.

Hafrabyggð, félag landeigenda/lóðarhafa við norðanvert Hafravatn leggur til að Mosfellsbær sýni frumkvæði á landsvísu til að gera fólki kleift að hafa lögheimili, þar sem það kýs að búa. Viðkomandi myndu falla frá kröfum um sambærilega þjónustu og veitt er í þéttbýli, en greiða opinber gjöld sín til sveitarfélagsins.

#### Tillaga varðandi hitaveitu.

Hafrabyggð, félag landeigenda/lóðarhafa við norðanvert Hafravatn óskar eftir því að bærinn kanni möguleika til þess að koma hitaveitu í byggðina.

#### Tillaga varðandi óbyggðar lóðir.

Hafrabyggð, félag landeigenda/lóðarhafa við norðanvert Hafravatn óskar eftir upplýsingum frá sveitarfélaginu, fyrir hönd þeirra, sem ekki hafa byggt á lóðum sínum, hvað þurfi til að koma svo af því geti orðið.

#### Tillaga um aðild Mosfellsbæjar að félaginu.

Þar sem Mosfellsbær er á meðal landeigenda á svæðinu gerir Hafrabyggð, félag landeigenda/lóðarhafa við norðanvert Hafravatn þá kröfu að bærinn taki þátt í félaginu og greiði árgjöld fyrir lönd sín.

#### Tillaga varðandi sorphirðu.

Hafrabyggð, félag landeigenda/lóðarhafa við norðanvert Hafravatn óskar eftir því að sveitarfélagið komi upp flokkunarstöð sorps í byggðinni og felli sorphirðugjald inn í fasteignagjöld.

#### Tillaga um viðhald vegarins.

Þar sem Mosfellsbær á veginn sem liggur í gegn um byggðina telur Hafrabyggð, félag landeigenda/lóðarhafa við norðanvert Hafravatn eðlilegt að sveitarfélagið komi að viðhaldi vegarins.